

Berist eftirfarandi aðilum:

29. ÁGÚ. 2019

Umhverfissráðuneytinu (Veiðistjóraembætti) og framkvæmdastjóra SSV

Bréfalykill: 11.05.00

Afrit sent til allra sveitarstjórna sveitarfélaga innan SSV; Akranes, Borgarbyggð, Dalabyggð, Eyja- og Miklaholtshreppur, Grundarfjarðarbær, Helgafellssveit, Hvalfjarðarsveit, Skorradalshreppur, Snæfellsbær og Stykkishólmsbær.

Við eigendur jarðanna Akra I, II og III, Traða og Laxárholts á Mýrum viljum með bréfi þessu lýsa áhyggjum okkar af áhrifum fjölgunar meindýra á svæðinu (refur, minkur, hrafn og svartbakur).

Það eru líklega nokkrar skýringar á þessari miklu fjölgun meindýra á svæðinu en við teljum að aðalástæðurnar séu tvær; urðunarsvæðið á Fíflholtum og kvóti á veiðum.

Urðunarsvæðið á Fíflholtum er uppeldisstöð, matarkista fyrir meindýrin. Á undanförunum árum hefur ref fjölgað gríðarlega og einnig hrafni og mávum. Í vor og sumar höfum við landeigendur hvað eftir annað séð ref með fugl eða egg í kjaftinum mjög nærri byggð. Þar að auki sjáum við ref og refaspor mjög víða þegar við erum á göngu. Þetta hefur þjarmað alvarlega að fuglalífi á svæðinu, svo mikið að við verðum mjög vör við breytingu á hegðun fuglanna.

Rjúpan sést mun minna, mófuglar eins og stelkur og hrossagaukur hafa flutt sig um set vegna ágangsins. Himbriminn sást á hreiðri í vor en kom ekki upp ungum. Lómurinn kom einungis fáum ungum upp í sumar en varpsvæði hans á þessu svæði er þekkt víða og hefur laðað að fuglaskoðunarmenn alls staðar að. Lómurinn hefur verpt á flestum tjörnum allt í kringum okkur en honum hefur fækkað verulega.

Hegðun kríunnar hefur einnig breyst. Hún verpir núna alveg upp við hús fólks sem er verulega truflandi fyrir ábúendur og verðum við verulega vör við þegar refurinn heimsækir varpið síðla kvölds. Öndum sömuleiðis, af ýmsum tegundum, hefur fækkað.

Síðast en ekki síst þá hefur þetta haft gríðarlega neikvæð áhrif á uppbyggingu æðarvarps á svæðinu. Refir sjást bera hverja æðarkolluna af fætur annarri burt af svæðinu auk fjölda unga sem kemur í veg fyrir uppbyggingu á stofninum. Eins og fram hefur komið í áðursendum ábendingum ábúenda í Tröðum til stjórnsýslu Borgarbyggðar þá hafa refir náðst með kjaftinn fullan af ungum. Það þarf ekki langan tíma fyrir vargin að gera út af við fuglalíf á svæðinu. Þrátt fyrir mikla og góða viðleitni landeigenda til að verja varpið þá er við ofjarl að etja þegar fjöldi refa er eins og raun ber vitni.

Það er hagur allra að vel sé hugað að vörnum gegn meindýrum og okkar frábæra og fjölbreytta fuglalíf sé varið. Það er á okkar ábyrgð sem um svæðið göngum, landið byggjum og höfum gagn að, hvort sem ábúendur, samfélag eða landsmenn að vel sé að þessu hlúð. Teljum við ábyrgðina að mestu falla á sveitarfélög sem standa að sameiginlegu urðunarsvæði á Fíflholtum og hvernig sveitafélögin takmarka fjárveitingu til refaveiða. Það er í höndum SSV að hafa yfirumsjón með urðun á Fíflholtum og þar með að ganga þannig frá málum að ekki sé auðvelt aðgengi dýra að fæðu á svæðinu, en til viðbótar er ábyrgð stjórnvalda (Umhverfissráðherra).

Það verður að verja þetta umhverfi fyrir ágangi meindýra. Við landeigendur leggjum okkur að fullu fram við þessa vernd en köllum eftir hjálp nú þegar við höfum engan veginn undan.

Við köllum eftir að brugðist verði við með aðgerðum af hálfu þeirra sem ábyrgð bera svo að vernda megi fuglalíf á svæðinu. Að umhverfisráðherra fari eftir 12. grein í lögum nr. 64 frá 19. maí 1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum í VI. kafla þar sem kveðið er m.a. á um í sérákvæði um veiðar:

VI. KAFLI
Sérákvæði um veiðar.


12. gr.

Refir.

Þar sem umhverfisráðherra ákveður, að fengnum tillögum veiðistjóraembættis, að nauðsynlegt sé að láta veiða refi til þess að koma í veg fyrir tjón af þeirra völdum, sbr. 7. gr., er sveitarstjórn skylt að ráða skotmann til grenjavinnslu og skal hann hafa með sér aðstoðarmann.

Að veiðistjóraembættið leiðbeini vegna þessara veiða sbr. 4gr. sömu laga: Veiðistjóraembættið leiðbeinir þeim sem stunda veiðar og aðrar aðgerðir til þess að koma í veg fyrir tjón af völdum villtra dýra.

Er það einlæg ósk okkar að með sameinuðu átaki stjórnvalda, sveitarfélaga og landeigenda munum við ná utan um þetta verkefni og verndun fugla á svæðinu verði tryggð.



F.h. landeigenda á Ökrum I, II og III,
Tröðum og Laxárholti